

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri  
Dags. 30. október 2019  
Mnr. 2019030031



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Fasteignagjöld 2020 tillaga 30.10.19

Gjaldskrá fasteignagjalda árið 2019 er eftirfarandi:

Álagning	Íbúðarhúsnæði	Aðrar fasteignir
Fasteignaskattur	0,625%	1,65%
Lóðarleiga	1,80%	3,00%
Vatnsgjald	0,21%	0,30%
Holræsisgjald	0,25%	0,33%

Álagning fasteignagjalda 2019, án sorpgjalda, var samtals 573.031.637,-

Álagning fasteignagjalda 2020, án sorpgjalda óbreytt er samtals 628.136.994,- eða hækkun upp á 9,62%.

Fasteignamat í Ísafjarðarbæ var árið 2019, 38.101.736 en er nú árið 2020, 41.754.612 og nemur hækkunin því 9,59%. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis eftir matssvæðum skiptist hins vegar á eftirfarandi hátt:

	Fasteignamat 2019	Fasteignamat 2020	Breyting á fm
4100 Ísafjörður: Eldri byggð	15.025.890	16.542.880	10,10%
4110 Ísafjörður: Nýri byggð	5.088.590	6.023.050	18,36%
4120 Hnífsdalur	970.120	990.210	2,07%
4150 Suðureyri	1.170.230	1.222.030	4,43%
4160 Flateyri	1.109.948	1.197.814	7,92%
4170 Þingeyri	1.530.926	1.569.652	2,53%
4185 Ísafjarðarsýsla	1.129.216	1.136.307	0,63%
<b>Samanlagt</b>	<b>26.024.920</b>	<b>28.681.943</b>	<b>10,21%</b>

Með vísan í minnisblað sem lagt var fyrir 1075. fund bæjarráðs þann 23. september síðastliðinn er lagt til að vatnsgjald á íbúðarhúsnæði verði lækkað úr 0,21% í 0,10% og holræisgjald á íbúðarhúsnæði verði lækkað úr 0,25% í 0,2%. Með því móti er dregið úr hækkun á fasteignagjöldum og verður hún því aðeins um 2,24% á árinu 2020, ef sorpgjöld eru undanskilin.

Gjaldskrá fasteignagjalda árið 2020 yrði þá eftirfarandi:

Álagning	Íbúðarhúsnæði	Aðrar fasteignir
Fasteignaskattur	0,625%	1,65%
Lóðarleiga	1,80%	3,00%
Vatnsgjald	0,10%	0,30%
Holræsisgjald	0,20%	0,33%

Þessi tillaga er liður í aðgerðum vegna lífskjarasamninga þar sem sveitarfélögin eru hvött til að hækka gjöld að hámarki 2,5%, en minna ef verðbólga er lægri.

Sjá hér nánar töflu um álagningu fasteignagjalda síðustu 5 ár:

	2020ný	2020óbr	2019	2018	2017	2016
Fasteignaskattur	363.966.822	363.966.822	331.383.333	297.266.076	273.246.292	252.019.067
Lóðarleiga	75.921.454	75.921.454	71.387.503	64.945.763	58.423.841	50.676.032
Vatnsgjald	58.814.154	87.679.401	79.271.649	69.879.847	64.487.962	59.345.855
Holræsagjald	87.154.211	100.569.317	90.989.152	79.754.243	74.262.016	68.170.895
<b>Samtals</b>	<b>585.856.641</b>	<b>628.136.994</b>	<b>573.031.637</b>	<b>511.845.929</b>	<b>470.420.111</b>	<b>430.211.849</b>
	2,24%	9,62%	11,95%	8,81%	9,35%	3,65%

Það er þó ljóst að þó að tillagan muni lækka vatnsgjöld og holræsagjöld í jöfnu hlutfalli á íbúðarhúsnæði þá munu breytingin á fasteignagjöldum í heild milli ára hafa mismunandi áhrif á milli svæða þar sem fasteignamatið hefur hækkað mismikið á milli gatna, hverfa og kjarna og þar af leiðandi mismikil hækkun á fasteignaskattinum.

Tekið var saman hvaða áhrif þessi breyting hefur á krónutölu íbúðarhúsnæðis á mismunandi svæðum:

		Álagning 2019	Álagning 2020	Breyting	breyting %
Ísafjörður	Skipagata	316.640	286.350	-30.290	-10%
Ísafjörður	Sundstræti	320.601	292.100	-28.501	-9%
Ísafjörður	Hafraholt	446.781	464.055	17.274	4%
Ísafjörður	Aðalstræti	228.441	263.013	34.572	15%
Ísafjörður	Hlíðarvegur	277.130	258.365	-18.765	-7%
Ísafjörður	Smiðjugata	337.520	302.868	-34.652	-10%
Ísafjörður	Sunnuholt	580.701	611.923	31.222	5%
Ísafjörður	Miðtún	371.540	341.005	-30.535	-8%
Ísafjörður	Seljaland	607.881	631.373	23.492	4%
Ísafjörður	Urðarvegur	585.381	519.958	-65.423	-11%
Ísafjörður	Túngata	411.681	369.270	-42.411	-10%
Hnífsdalur	Bakkavegur	293.691	263.523	-30.168	-10%
Suðureyri	Eyrargata	115.779	110.007	-5.772	-5%
Suðureyri	Hjallavegur	218.217	196.882	-21.335	-10%
Flateyri	Ólafstún	232.670	215.770	-16.900	-7%
Flateyri	Brimnesvegur	171.794	161.476	-10.318	-6%
Þingeyri	Fjarðargata	195.774	178.930	-16.844	-9%
Þingeyri	Brekkgata	204.681	188.630	-16.051	-8%